

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 29. október 2020: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við Kjarvalsstofu:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði óskar upplýsinga um hversu oft svið og skrifstofur sem undir það heyra, hafa nýtt sér aðstöðu til funda í Kjarvalsstofu og af hvaða tilefni. Óskað er eftir sundurliðuðum lista yfir tilefni, hverjir sátu fundina og hver var kostnaður hvers fundar. Þá er jafnframt óskað eftir því að kvittanir fylgi með fyrir hvern viðburð. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við aðgangskort að Kjarvalsstofu og hverjir sé handhafar þess.